

**1810468 Skipulag og framkvæmdir, frá sjónarmiði um sjálfærni**

**Ferli vegna afsláttar á lóðarverði umhverfsvottaðrar nýbyggingar sbr. samþykkt bæjarstjórnar frá 29. maí 2019**

- Við úthlutun lóðar greiðir lóðarhafi fullt lóðarverð
- Hafi byggingaraðili fengið vottun um að mannvirkið fullbúið uppfylli skilyrði Svansvottunar, BREEAM einkunn „Very good“ 55% (final), BREEAM einkunn „Excellent“ 70% (final) eða sambærilegt, afhendir hann sveitarfélaginu vottun um slíkt frá viðkenndum vottunaraðila.
- Þegar lokaúttektarvottorð er gefið út fær lóðarhafi fær endurgreitt 20% eða 30% af lóðarverði samanber samþykkt bæjarstjórnar frá 29. maí 2019 á þeirri vísitölu er gildir við útgáfu lokaúttektarvottorðs.

Afsláttur af lóðarverði gildir frá samþykkt bæjarstjórnar 29. maí 2019. Þeir sem fá vottun á nýbyggingu eftir þann tíma frá viðurkenndum vottunaraðila um að nýbyggingin uppfylli skilyrði Svansvottunar, BREEAM einkunn „Very good“ 55% (final) og við BREEAM einkunn „Excellent“ 70% (final) eða sambærilegt, fá endurgreitt 20% eða 30% af lóðarverði samanber samþykkt bæjarstjórnar 29. maí 2019. Byggingaraðili afhendir sveitarfélaginu vottun frá viðkenndum vottunaraðila. Þegar lokaúttektarvottorð er gefið út fær lóðarhafi fær endurgreitt 20% eða 30% af lóðarverði samanber samþykkt bæjarstjórnar á þeirri vísitölu er gildir við útgáfu lokaúttektarvottorðs.

Samþykkt í bæjarráði